

## Fundargerð

### 96. stjórnarfundur FHA haldinn 6. apríl. 2017 kl. 12:00

Boðaðir voru stjórnarmenn og varastjórn. Fundinn sátu: Hjördís Sigursteinsdóttir formaður, Þorlákur Axel Jónsson ritari, Guðmundur Kristján Óskarsson gjaldkeri, Auðbjörg Björnsdóttir og Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir. Þorbjörg Jónsdóttir boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar 26. jan. 2017 lögð fram og samþykkt.
2. Kjaramál  
Kjarasamningur gildir til 2019 en er með uppsagnarákvæði. Aðildarfélag BHM eru með lausa samninga á þessu ári og því næsta.

Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga óskar eftir samstarfi við BHM í kjarasamningum.

Jafnlaunavottun rædd.

HS lýsir áhyggjum af hugmyndum um að í HA verði hætt með stigatalningu vegna starfa. Stjórnarmenn tóku undir það sjónarmið. Almennt er sátt um núverandi fyrirkomulag, það er gagnsætt og veitir starfsmönnum svigrúm. Engin sátt er um að taka upp annað fyrirkomulag með „einum launum“. Ræða þarf hvernig hægt er að meta meira af verkefnum rannsóknarfólks til stiga í þágu starfsmanna sjálfra og stofnunarinnar.

3. Aðalfundur FHA verður mið. 17. maí kl. 16:00  
Boðað verður til fundarins með dagskrá samkvæmt lögum félagsins. Að loknum fundi verður félagsmönnum boðið í grill og léttar veitingar.
4. Önnur mál  
Ein umsókn liggur fyrir í (gamla) Námssjóð FHA. Samþykkt með venjulegum fyrirvörum.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið klukkan 13:05

Þorlákur Axel Jónsson, fundarritari